

Rauði listinn - svæði í hættu

Yfirlit til umhverfis- og auðlindaráðuneytis



UMHVERFISSTOFNUN

2014



Samantekt

Umhverfisstofnun gefur árlega út skýrslu um ástand friðlýstra svæða á Íslandi. Á tveggja ára fresti er svo gefinn út svokallaður „rauður listi“ sem byggður er á ástandsskýrslunni. Eitt af markmiðum rauða listans er að forgangsraða kröftum og fjármunum til verndunar.

Notuð er SVÓT aðferðafræði þar sem greindir eru styrkleikar, veikleikar, ógnir og tækifæri viðkomandi svæðis. Greiningin byggir á gögnum sem Umhverfisstofnun aflar sér á ýmsan hátt, t.d. í gegnum landverði, sjálfbóðaliðastarf í náttúruvernd og aðra sérfræðinga stofnunarinnar sem vinna við og á svæðunum. Einnig leitar Umhverfisstofnun upplýsinga í lok hvers árs frá sveitarfélögum og öðrum lögaðilum hvað varðar ástand friðlýstra svæða. Að auki leggur Umhverfisstofnun mat á þær ábendingar sem stofnunin fær á hverju ári á einn eða annan hátt og varða friðlýst svæði á landinu.

Umhverfisstofnun hefur nú metið þær aðgerðir og verndarráðstafanir sem farið hefur verið í á þeim svæðum sem sett voru á Rauða listann árið 2010 og 2012. Eitt svæði færir af rauðum lista yfir á appelsínugulan og er það Laugarás. Þar hafa aðgerðir Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar hvað varðar stýringu, upprætingu framandi tegunda og fræðslu bætt stöðu mála umtalsvert. Eitt svæði kemur aftur inn á appelsínugula listann og er það Dynjandi. Eitt svæði sem ekki hefur áður verið á lista kemur inn á appelsínugula listann, Ströndin við Stapa og Hellna. Hveravellir sem voru á appelsínugulum lista í fyrra falla út en þar var ráðist í miklar framkvæmdir til að styrkja innviði. Sumarið 2014 er gert ráð fyrir miklum framkvæmdum og verndarráðstöfunum. Vonast er til að þær aðgerðir muni leiða til þess að Helgustaðanáma fari af rauða listanum. Sömuleiðis standa vonir til að sex svæði falli út af appelsínugula listanum eftir framkvæmdir sumarið 2014: Dynjandi, Dyrhólaey, Gullfoss, Teigarhorn, Skútustaðagígar og Surtarbrandsgil. Eitt svæði, Hveravellir, er dottið út af lista frá 2013. Önnur svæði eru óbreytt á milli ára og eru nú fimm svæði á rauðum lista stofnunarinnar og sextán á appelsínugulum lista.

Friðlýst svæði á Íslandi eru 113 talsins í maí 2014 en umfang þeirra, eðli og ástand er eins misjafnt og svæðin eru mörg. Svæði kunna að hafa verið friðlýst vegna náttúruvæðis, landslags, jarðminja, útivistar eða samblands framangreindra þátta. Margir þættir geta haft neikvæð áhrif á verndargildi friðlýstra svæða. Þó má segja að áhrif manlegra umsvifa séu hvað mest, en friðlýst svæði eru oft vinsælir áfangastaðir ferðamanna. Árið 1953 komu um 6000 erlendir gestir til landsins. Árið 1983 voru þeir tæplega 78.000 og 2003 komu um 320.000, eða álíka margir og íbúar á landinu. Í fyrra komu svo um 807.000 manns til Íslands. Talið er að fjöldi ferðamanna fari yfir milljón á árinu 2014 eða 2015.

Umhverfisstofnun hefur fjölgað heilsárslandvörðum nokkuð á undanförunum árum. Nú eru svæðalandverðir okkar á Látrabjargi, Ísafirði, Mývatni, Hellu, Vestmannaeyjum og í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Samhliða stóraukinni fjölgun ferðamanna undanfarin ár er ljóst að auka þarf umtalsvert landvörslu, fræðslu, framkvæmdir og verndarráðstafanir almennt á friðlýstum svæðum. Stofnunin telur mikilvægt að gerðar séu framkvæmdaáætlanir til langs tíma sem, t.a.m. taki mið af faglegri þolmarkagreiningu. Unið er að mikilvægu skrefi í þá átt á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis með gerð frumvarps að landsáætlun um uppbyggingu innviða og verndun náttúru á ferðamannastöðum.

2010

RAUÐ SVÆÐI

Dyrhólaey
 Friðland að Fjallabaki
 Geysir
 Grábrókagígur
 Gullfoss
 Helgustaðanáma
 Hveravellir
 Reykjanesfólkvangur
 Surtubrandsgil
 Teigarhorn

APPELSÍNUGUL SVÆÐI

Dynjandi
 Eldborg í Bláfjöllum
 Fossvogs bakkar
 Geitland
 Hraunfossar
 Laugarás
 Kringilsárrani
 Verndarsvæði Mývatns &
 Láxar

2012

RAUÐ SVÆÐI

Friðland að Fjallabaki
 Geysir
 Helgustaða- náma
 Laugarás
 Reykjanes-fólkvangur
 Verndarsvæði Mývatns &
 Láxar

APPELSÍNUGUL SVÆÐI

Dyrhólaey
 Eldborg í Bláfjöllum
 Fossvogsbakkar
 Geitland
 Grábrókagígur
 Gullfoss
 Háubakkar
 Hveravellir
 Kringilsárrani
 Rauðhólar
 Skógafoss
 Skútustaðagígur
 Surtarbrandsgil
 Teigarhorn

2014

RAUÐ SVÆÐI

Friðland að Fjallabaki
 Geysir
 Helgustaða-náma
 Reykjanesfólk-vangur
 Verndarsvæði Mývatns &
 Láxar

APPELSÍNUGUL SVÆÐI

Dynjandi
 Dyrhólaey
 Eldborg í Bláfjöllum
 Fossvogsbakkar
 Geitland
 Grábrókagígur
 Gullfoss
 Háubakkar
 Kringilsárrani
 Laugarás
 Rauðhólar
 Skógafoss
 Skútustaðagígur
 Ströndin við Stapa og
 Hellna
 Surtarbrandsgil
 Teigarhorn

SVÆÐI SEM HAFU FÆRST NIÐUR MILLI FLOKKA EÐA AF LISTA FRÁ 2010

Dyrhólaey
 Grábrókargígur
 Gullfoss

Hveravellir (af lista)
 Hraunfossar (af lista)
 Laugarás

Skógafoss
 Surtarbrandsgil
 Teigarhorn

Rauði listinn

Rauðlituð svæði eru í verulegri hættu að tapa verndargildi sínu eða hafa tapað því að hluta til.

Friðland að Fjallabaki

Geysir

Helgustaðanáma

Reykjanesfólkvangur

Verndarsvæði Mývatns & Láxar



UMHVERFISSTOFNUN



Friðland að fjallabaki

Auglýsing nr. 354/1979 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Aðráttarafl Friðlands að Fjallabaki felst í fegurð óspilltrar náttúru og þeim víðernum sem þar er að finna. Á þessa auðlind hefur verið gengið hratt undanfarin ár og er mikilvægt að hægja á og grípa inn í þróunina áður en hún gengur til þurrðar. Stærð friðlandsins er 44.624 hektarar og er svæðið því víðfeðmt og vel til þess fallið að dreifa álagi. Svæðið hefur að geyma stórbrotið landslag og er vinsælt útivistarsvæði. Ráðgjafarnefnd fyrir friðlandið tók aftur til starfa árið 2012 og er tilgangur nefndarinnar að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar um umsjón friðlandsins. Að auki hefur Háskóli Íslands unnið þolmarkagreiningu fyrir Landmannalaugar, Hrafninnusker og Landmannahelli að beiðni Umhverfisstofnunar. Sett hafa verið upp skilti til þess að varna utanvegaakstri. Umhverfisstofnun hefur bætt við heilsárslandvörslu fyrir Suðurland, með sérstakri áherslu á Friðland að Fjallabaki og hefur landvörður aðstöðu á Hellu. Landvarsla á svæðinu var aukin árin 2013 og 2014.

VEIKLEIKAR

Lífríki svæðisins er viðkvæmt og þar ríkir öræfaauðn og kyrrð. Samfelld gróðursvæði eru fá og endurheimt gróðurs sem spillist er hæg. Vaxtartími gróðurs er stuttur. Svæðið ver sig illa sjálft. Friðlandið er mikið sótt af ferðamönnum allan ársins hring og álag á svæðið er því ekki einvörðungu bundið við sumartímenn. Fram kemur í þolmarkagreiningarskýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun að áætlað sé að um 145 þúsund manns hafi farið um Stór Fjallabakssvæðið sumarið 2011. Þar af heimsóttu rúmlega 120 þúsund manns Landmannalaugar og gera má ráð fyrir að heimsóknnum þangað hafi fjölgað síðan. Viðkvæmasta svæðið innan friðlandsins er að öllum líkindum Landmannalaugar og er það mest farið að láta á sjá. Jafnframt er fjöldi ferðamanna á svæðinu helsta umkvörtunarefni þeirra ferðamanna sem þangað koma. Gönguleiðin Laugavegur er einnig víða illa farin vegna mikils ágangs.

ÓGNIR

- » Mikið álag af völdum ferðamannastraums sem reynir á þolmörk friðlandsins og þeirra sem það heimsækja.
- » Utanvegaakstur er þó nokkur, mestur á jaðartíma. Viðhaldi vega er ábótavant.
- » Vegna þessa mikla fjölda sem kemur í Landmannalaugar hefur verið bætt við mannvirkjum á svæðinu og ekki alltaf gætt að útliti þeirra. Nauðsynlegt er að deiliskipulagi verði lokið fyrir Landmannalaugar.
- » Aðstöðu vantar til að veita upplýsingar, stað þar sem landverðir taka á móti fólki og leiðbeina því um svæðið og stýra umferð.
- » Ljúka þarf við verndaráætlun fyrir svæðið.
- » Ljúka þarf við aðstöðu fyrir landverði á svæðinu.

TÆKIFÆRI

- » Vinna við verndaráætlun stendur yfir.
- » Ráðgjafarnefnd er starfandi fyrir svæðið.
- » Þolmarkagreining hefur verið unnin.
- » Nýtt svæðisskipulag var samþykkt en deiliskipulag er í vinnslu.
- » Létta þarf álagi af Laugaveginum.
- » Aukin fræðsla og leiðbeiningar til allra þeirra sem fara um svæðið með það að markmiði að bæta umgengni og virðingu fyrir svæðinu.
- » Styrkja þarf landvörslu í friðlandinu.
- » Heilsárslandvörður hefur tekið til starfa.
- » Setja þyrfti upp þurrsalerni á leiðinni milli Hrafninnuskers og Landmannalauga.
- » Betra viðhald vega ásamt betra viðhaldi og skýrari afmörkun gönguleiða.



Geysir

STYRKLEIKAR

Svæðið er sérstakt á heimsvísu og dregur að sér fjölmarga ferðamenn enda eitt þekktasta hverasvæði jarðarinnar. Talið er að allt að 70% þeirra ferðamanna sem koma til landsins heimsæki Geysissvæðið Unnið var við lagfæringar á hellulögðum göngustíg svæðisins. Hannaður var og settur upp nýr göngupallur við Blesa auk öryggisgirðingar með tákmyndum þar sem fólk er varað við hættu vegna heits vatns og það beðið um að henda ekki smámynt í hverina. Stofnað hefur verið formlengt landeigendafélag fyrir svæðið. Umhverfisstofnun hefur bætt við heilsárslandvörslu fyrir Suðurland sem hefur aðstöðu á Hellu. Landvarsla á svæðinu verður augin sumarið 2014.

VEIKLEIKAR

Geysissvæðið er ekki friðlýst. Vistkerfi svæðisins er mjög viðkvæmt. Jarðvegur er víða blautur og traðkast auðveldlega út. Hverahrúður skemmist þegar gengið er á því. Gróður er sérstaklega viðkvæmur á svæðinu og er landið auðrofið. Svæðið er lítið og erfitt að dreifa ferðamönnum um það.

ÓGNIR

- » Svæðið er meðal fjölsóttustu ferðamannastaða á Íslandi og er það heimsótt allt árið um kring.
- » Hagsmunaárekstrar hafa komið upp vegna nýtingar svæðisins.
- » Svæðið er ekki friðlýst og óljóst hver ber ábyrgð á svæðinu í heild sinni.
- » Skipulag fyrir svæðið skortir.

TÆKIFÆRI

- » Friðlýsing.
- » Gerð verndaráætlunar.
- » Skipuleggja þarf svæðið með stýringu umferðar í huga.
- » Laga þarf flesta núverandi göngustíga eða smíða göngupalla.
- » Útfæra þarf gróðurverndunargirðingar þannig að þær þurfi ekki stanslaust viðhald.
- » Svæðið þarfnast heilsársumsjónar.



Helgustaðanáma

Auglýsing nr. 525/1975 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Helgustaðanáma er ein frægasta silfurbergsnáma í heimi en þar var silfurberg grafið úr jörðu frá því á 17. öld og fram á fyrri hluta 20. aldar. Enskt heiti silfurbergs er Iceland spar og er eitt af þeim náttúrufyrirbærum sem kennt er við Ísland, enda er það fágætt á heimsvísu. Úr Helgustaðanámu kemur mest af því silfurbergi sem er að finna á söfnum víða um heim. Náman dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna. Sveitarfélagið hefur unnið hefur verið deiliskipulag fyrir svæðið í samráði við Umhverfisstofnun. Fulltrúar Umhverfisstofnunar hafa verið í samskiptum við sveitarfélagið varðandi gerð umsýðarsamnings fyrir svæðið. Umhverfisstofnun hefur látið framleiða tvö fræðsluskilti fyrir svæðið og einn vegvísi. Umhverfisstofnun lét vinna öryggisúttekt fyrir Helgustaðanámu. Gert er ráð fyrir framkvæmdum á svæðinu sumarið 2014 til að styrkja innviðiþess.

VEIKLEIKAR

Svæðið hefur enga innviði til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Ekkert reglulegt eftirlit er með námunni og eru silfurbergskristallarnir því með öllu óvarðir.

ÓGNIR

- » Mikið álag af völdum ferðamanna.
- » Fréttir um steinatöku færast sífellt í aukana.

TÆKIFÆRI

- » Vinna þarf verndaráætlun.
- » Farið verði í framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag til að minnka álag á svæðið og koma til móts við fjölda ferðamanna sem þangað leitar.
- » Fylgja þarf eftir þeim ábendingum sem koma fram í öryggisúttekt.
- » Koma þarf á virku eftirliti með svæðinu.
- » Klára þarf gerð umsýðarsamnings við sveitarfélagið.

Reykjanesfólkvangur

Auglýsing nr. 520/1975 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Jarðfræði svæðisins er merkileg á heimsvísu en þar eru eldstöðvar af ýmsum gerðum ásamt gömlum og nýjum hraunum. Mikið er af minjum um lífshætti fólks á fyrri tímum. Svæðið er mikilvægt útivistarsvæði. Geysileg fjölbreytni er þar í jarðmyndunum, landslagi og litum, óvenjuleg vötn, fjölbreytt hraun, grösugir balar og vellir og jarðhiti með tilheyrandi litskrúði einkenna svæðið. Innan fólkvangsins eru svæði sem gætu fallið undir skilgreiningu um víðerni. Svæði á borð við Reykjanesfólkvang, svo nærri miklu þéttbýli, eru mjög verðmæt. Sett hafa verið upp upplýsingaskilti á undanförunum árum. Landvörður starfar á sumrin á vegum stjórnar Reykjavíkurfólkvangs. Sjálfbodaliðar á vegum Umhverfisstofnunar hafa unnið að margvíslegum verkefnum, m.a. við að fjarlægja rusl, í fólkvanginum í samvinnu við landvörð. Stjórn fólkvangsins kynnti stjórnaráætlun fyrir árin 2012–2022 í apríl 2012 og var unnið út frá henni árið 2013.

VEIKLEIKAR

Innan fólkvangsins er að finna hverasvæði og ummyndanir sem eru mjög viðkvæmar. Landið var víða vel gróið en hefur verið ofnýtt og gróður er nú víða mjög illa farinn vegna ofbeitar og landeyðingar. Jarðvegseyðing er töluverð innan fólkvangsins. Ýmsir áhugahópar hafa helgað sér svæðið m.a. til torfæruaksturs og er landið víða illa farið. Svæðið er nálægt stórum þéttbýliskjörnum og fylgir því mikill ágangur. Áætlanir eru um rannsóknir og nýtingu jarðhita í samræmi við Rammaáætlun. Innan fólkvangsins eru u.þ.b. 23 námur, flestar ófrágengnar eða í notkun.

ÓGNIR

- » Auknar álagsskemmdir af völdum umferðar almennings og landnotkunar af ýmsu tagi. Heimsóknum utan hefðbundins ferðamannatíma fer fjölgandi.
- » Hellirinn Leiðarendi er undir töluverðu álagi vegna slæmrar umgengni.
- » Utanvegaakstur.
- » Borið hefur á því að verktakar og aðrir losi úrgang innan fólkvangsins.
- » Mikið er um að menn æfi skotfimi innan fólkvangsins.
- » Naðurtunga sem vex á svæðinu er talin í nokkurri hættu (LR) skv. valista Ní, talsvert útbreidd við hveru norðan Trölladyngju.

TÆKIFÆRI

- » Aðvörunarskilti á Krýsuvíkurbjarg, þarfnast endurnýjunar.
- » Bæta má aðgengi á mörgum stöðum t.d. á Krýsuvíkurbjargi, við Húshólma, Selatanga, Leiðarenda, Kleifarvatn og við Krýsuvíkurbæinn.
- » Afmarka þarf ýmis bílastæði innan fólkvangsins til að koma í veg fyrir utanvegaakstur.
- » Efla þarf fræðslu um utanvegaakstur og aukið eftirlit hefur gefið góða raun.
- » Halda þarf áfram vinnu við að fjarlægja óþarfar girðingar auk þess að fjarlægja rusl.
- » Æskilegt væri að á svæðinu væri heilsárslandsvarsla. Landvörður hefur starfað á vegum stjórnar Reykjanesfólkvangs. Viðvera landvarðar hefur dregið úr akstri utan vega sem og öðrum ólöglegum athöfnum manna á svæðinu.
- » Skoða þarf aðgerðir til verndunar Leiðarenda og annarra hella á svæðinu.
- » Efla þarf fræðslu og upplýsingagjöf um fólkvanginn og náttúru- og menningarminjar innan hans.
- » Endurheimta þyrfti fyrra gróðurfar og styrkja þannig viðhald þeirra vistkerfa sem á svæðinu eru og stöðva jarðvegsrof. Uppræta þarf lúpinu.
- » Uppgræðsla á Krýsuvíkurveiði.
- » Deiliskipulag og framkvæmdir eru fyrirhugaðar í Seltúni.



Verndarsvæði mývatns og laxár

Svæðið var upphaflega verndað með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 36/1974. Í dag er svæðið friðað með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 97/2004.

STYRKLEIKAR

Á svæðinu starfar sérfræðingur á vegum Umhverfisstofnunar. Innviðir svæðisins eru þó nokkrir. Svæðið er mikið nýtt til rannsókna enda er þar mjög fjölbreytt dýralíf ásamt sérstæðum jarðmyndunum og fjölmörgum mikilvægum vistkerfum. Svæðið er Ramsar svæði og því alþjóðlega mikilvægt. Verndaráætlun hefur verið samþykkt og gefin út. Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár var sett sumarið 2012.

VEIKLEIKAR

Mikill fjöldi ferðamanna kemur að Mývatni. Svæðið hefur að geyma viðkvæm vistkerfi og má þar t.d. nefna búsvæði kúluskíts sem er sérstætt á heimsvísu, samspil rykmýs, fuglalífs, fiska og hornsíla ásamt jarðhitasvæðum og jarðmyndunum. Svæðið hefur að geyma viðkvæm gróðursvæði og viðkvæmar jarðmyndanir.

ÓGNIR

- » Kúluskítur sem er friðlýst tegund virðist vera horfinn úr Mývatni en hugsanlega gæti þetta vaxtarform þörungsins komið aftur. Talið er að næringarefnaauðgun, sem er tilkomin af mannavöldum, sé ein skýring á hvarfi kúluskíts.
- » Bleikja er á undanhaldi á svæðinu.
- » Næringarefnaauðgun má m.a. rekja til fráveitu sem vinna þarf úrbætur á.
- » Mikill ferðamannastraumur setur auka álag á vistkerfi svæðisins bæði hvað varðar fráveitur og ágang á náttúruverndarsvæði.

TÆKIFÆRI

- » Styrkja þarf innviði svæðisins, mörgum gönguleiðum er ábótavant, m.a. möguleikum á hringleið í kringum vatnið.
- » Skoða má tækifæri hvað varðar hjólreiðastiga.
- » Salernisaðstaða.
- » Polmarkagreining.
- » Tryggja þarf að vatnsgæðum sé ekki raskað.
- » Gripa þarf til endurheimtar á kúluskít ef hægt er.
- » Tryggja þarf að virkjanaáform hafi ekki áhrif á lífríki svæðisins, enda er það einstakt á heimsvísu.
- » Vinna þarf eftir þeim áætlunum sem fram koma í verndaráætlun og hrinda þeim verndarráðstöfunum í framkvæmd sem eru brýnastar.
- » Stuðla þarf að samvinnu við sveitarfélög um fráveitumál svæðisins.
- » Gera þarf samning við rannsóknaraðila varðandi vöktun og fyrirkomulag hennar innan verndarsvæðis Mývatns t.a.m. rannsóknir á áhrifum áburðarefna á vistkerfi Mývatns og áhrifum ferðamennsku.
- » Vinna skal sérstaka aðgerðaráætlun í samvinnu við sveitarfélag og landeigendur um veiðar á tegundum sem geta haft skaðleg áhrif á verndarstöðu fuglalífs á verndarsvæðinu.

Appelsínuguli listinn

Appelsínugul svæði eru í hættu á að tapa verndargildi sínu og þarfnast aðgerða til að snúa þeirri þróun við.

Dynjandi

Dyrhólaey

Eldborg í Bláfjöllum

Fossvogsbakkar

Geitland

Grábrókagígar

Gullfoss

Háubakkar

Kringilsárrani

Laugarás

Rauðhólar

Skógafoss

Skútustaðagígar

Ströndin við Stapa og Hellna

Surtarbrandsgil

Teigarhorn





Dynjandi

Auglýsing nr. 348/1986 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Svæðið dregur að sér mikið af ferðamönnum enda stærsti og tilkomumesti foss Vestfjarða. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði fer með umsjón svæðisins. Auk þess er landvörður starfandi á sunnanverðum Vestfjörðum yfir sumartímann sem fer með eftirlit svæðisins. Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar hafa unnið við göngustígagerð við Dynjanda öll sumur frá 2011 og að auki voru verktakar fengnir til þess verks. Bætt hefur verið við steintröppum, lögð ræsi og stígar breikkaðir á köflum. Einnig hefur villustígum verið lokað. Ferðamönnum er því mun betur stýrt um svæðið en áður var. Gróðurheimt hefur verið í gangi undanfarin sumur og farið er að bera á árangri og gróður farinn að taka við sér. Öll ásýnd svæðisins hefur batnað og dregið hefur verulega úr ágangi. Búið er að setja upp þurrsalerni á svæðinu. Upplýsingaskilti fyrir svæðið eru í vinnslu. Unnið er að gerð verndaráætlunar. Rætt hefur verið við sveitafélagið um að gera umsjónarsamning fyrir tjaldsvæðið og salernin.

VEIKLEIKAR

Innviðir hafa verið styrktir og náttúruvættið getur nú betur tekið við þeim fjölda ferðamanna sem þangað leitar. Að mestu hefur verið komið í veg fyrir átroðning á svæðinu en vegna fjölgunar ferðamanna þarf að styrkja innviði enn frekar.

ÓGNIR

- » Stígar eru illa farnir eftir síðasta sumar.
- » Mikil aukning á fjölda ferðamanna.

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Setja þarf upp viðvörunarskilti og fræðsluskilti.
- » Samstarf við sveitafélag um umsjón með tjaldsvæði og salernum.
- » Aukin samvinna Umhverfisstofnunar og sveitarfélags.
- » Áframhaldandi viðhald göngustíga og annarra innviða til að tryggja að verndargildi svæðisins verði ekki skert eða ógnað. Vinna við hönnun á innviðum fyrir svæðið stendur yfir.



Dyrhólaey

Auglýsing nr. 101/1978 í Stjórnartíðindum.

STYRKLEIKAR

Verndargildi svæðisins felst í fuglalífi þó í eðli sínu sé svæðið ekki síður merki-
legt með tilliti til landslags. Svæðið er nytjað af nytjaréttihöfum, þ.e. með dún-
tekju og beit. Samkvæmt auglýsingu um svæðið þá getur Umhverfisstofnun tak-
markað ferðir út í Dyrhólaey á tímabilinu 1. maí til 25. júní vegna verndunar
fuglalífs. Fuglafræðingur hefur árlega verið fenginn til að meta ástand fuglalífs í eyj-
unni m.t.t. þarfa á lokun. Svæðið dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna. Gerður
hefur verið umsjónarsamningur við sveitarfélagið Mýrdalshrepp um umsjón svæð-
isins og er landvarsla í eyinni á þess vegum, auk landvarðar frá Umhverfisstofnun, á
varptíma. Sjálfbodaliðar á vegum Umhverfisstofnunar og starfsmenn Mýrdalshrepps
hafa unnið að ýmsum verkefnum í eyinni. Þannig hafa gönguleiðir verið afmarkað-
ar, settar hafa verið upp girðingar og merkingar, gróður hefur verið endurheimtur og
spornað hefur verið við utanvegaakstri. Með tilkomu nýrra gönguleiða á svæðinu er
stýring og dreifing ferðamanna mun skilvirkari en áður. Í kjölfar berghruns 2012 var
stígur færður til og girt rækilega af. Unnið hefur verið að gerð verndaráætlunar sem
er á lokametrunum. Sett hafa verið upp salerni á Háey sem eru í umsjón sveitarfé-
lagsins og stendur til að endurnýja vatnstank þar.

VEIKLEIKAR

Svæðið er viðkvæmt en þolir mikinn fjölda ferðamanna séu sterkir innviðir fyrir
hendi. Mikil umferð ferðamanna um ekki stærra svæði setur talsvert álag á stíga-
kerfið sem sífellt þarf að huga að. Úttekt á fuglalífi í eyinni gefur til kynna að öllum
tegundum sem taldar voru hefur fækkað verulega frá aldamótum. Að mati fugla-
fræðinga er að verulegu leyti um að kenna fæðuskorti í hafi.

ÓGNIR

- » Álag á Dyrhólaey af völdum ferðamanna er töluvert en þó er búið að ná að stýra
umferð að mestu og álag því svæðisbundið.
- » Í Mýrdal hafa verið deilur um málefni friðlandsins Öryggi ferðamanna er enn
ábótavant, brattir hamraveggir sem kunna að reynast hættulegir fari ferðamenn
óvarlega. Úttekt á hrunhættu hefur verið framkvæmd. Talsverðar úrbætur verið
gerðar og hafa öryggisgirðingar verið settar upp.
- » Vegurinn upp á Háey þarfnast úrbóta en hann var þó lagaður vorið 2012.
Sömuleiðis þarf að breikka veginn að bílastæði á Lágey, en til stendur að bæta
þar úr sumarið 2014. Einnig þarf að leggja bundið slitlag á veginn upp á Háey og
ganga frá almennilegu bílastæði þar.
- » Veruleg fækkun er á fugli í eyinni.
- » Lágflug þyrlna.
- » Rusl berst utan af sjó inn í ósinn.

TÆKIFÆRI

- » Nýtt deiliskipulag er í vinnslu.
- » Færsla bílastæðis til vesturs, ásamt stækkun þess og bættri stýringu.
- » Salernishús á Lágey
- » Framkvæmdir samkvæmt nýju deiliskipulagi.
- » Stýring á umferð, bæði vélknúinni og umferð gangandi vegfarenda.
- » Endurheimt fuglalífs eftir því sem kostur er.
- » Sátt um stjórnun friðlandsins þarf að ríkja milli aðila.
- » Úrbætur í öryggismálum og upplýsingagjöf.
- » Verndaráætlun er á lokastigi.
- » Gera þarf vöktunaráætlun til að vakta grunnþætti lífríkis í eyjunni auk áhrifa
ferðamanna á friðlandið.
- » Aukin landvarsla hefur verið í eyinni á vegum sveitarfélags og Umhverfisstofn-
unar.
- » Afmarka þyrfti enn betur útlínur vega og breikka veg til að koma í veg fyrir ut-
anvegaakstur. Þó hefur mikið áunnist á árinu 2014.
- » Halda þarf áfram með úrbætur í öryggismálum og upplýsingagjöf.
- » Miklar úrbætur hafa verið gerðar í innviðum, stígum, skiltum o.s.frv. Má þó bæta
enn frekar.
- » Stýring og dreifing ferðamanna hefur breyst til batnaðar.



Eldborg í Bláfjöllum

Auglýsing nr. 121/1974 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Fallegt landslag og sérstakar jarðmyndanir einkenna svæðið sem er á vatnsverndar-svæði. Göngustígur liggur frá bílastæði upp á Eldborgina. Haustið 2012 var unnið í göngustígagerð á svæðinu, villustígum var lokað og mosi græddur í sár þar sem villustígar höfðu myndast um gíginn.

VEIKLEIKAR

Viðkvæmur gróður og jarðmyndanir. Svæðið er fast við veginn upp að Bláfjöll-um og því er aðgengi að því mjög gott. Styrkja þarf innviði svæðisins til að hægt sé að koma til móts við þá sem vilja ganga um svæðið en mosinn og hraun-gígarnir eru mjög viðkvæmir og þola illa mikið traðk. Ekki er til verndaráætlun fyrir svæðið.

ÓGNIR

- » Fjölgun ferðamanna á svæðinu.
- » Innviðir eru enn of stutt á veg komnir til að taka á móti miklum fjölda fólks.
- » Mosi á svæðinu er víða illa farinn bæði af manna völdum og vegna veðurfars.
- » Hætta er á því að gígurinn traðkist út ef ekki verður gripið til aðgerða.

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar
- » Gera þarf úttekt og meta ástand svæðisins, þ.á.m. gönguleiða. Gera þyrfti gönguleiðir sem þola ágang ferðamanna.
- » Halda þarf áfram að vinna við göngustíga og mosaigræðslu.
- » Upplýsinga- og fræðsluskilti hefur verið sett upp haustið 2013.
- » Samstarf við framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar sjálfböðavinnu á friðlýstum svæðum.
- » Fyrirhugað er að gerður verði umsjónarsamningur við Reykjavík.



Fossvogsbakkar

Ljósmynd: Snorri Sigurðsson

Auglýsing nr. 326/1999 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Sérstæðar jarðmyndanir. Vinsælt útivistarsvæði. Í skýrslu náttúruverndarnefndar Reykjavíkur kemur fram að borgin framkvæmdi ítarlega úttekt á ástandi svæðisins og verndargildi þess var metið sumarið 2013. Borgin lét setja upp tvö ný fræðsluskilti í byrjun árs 2014.

VEIKLEIKAR

Náttúruvættið er berskjaldað fyrir náttúruöflunum og þá aðallega fyrir sjávarrofi. Göngustígur liggur rétt ofan náttúruvættis. Ekki er til verndaráætlun fyrir svæðið.

ÓGNIR

- » Sjávarrof
- » Mannvirkjagerð
- » Framandi og ágengar plöntutegundir

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Mat á hvort og hvernig hægt sé að verjast sjávarrofi.
- » Mannvirkjagerð verði skipulögð þannig að hún raski ekki jarðmyndunum.
- » Samstarf við framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar sjálfböðavinnu á friðlýstum svæðum.
- » Fyrirhugað er að gerður verði umsjónarsamningur við Reykjavík.



Ljósmynd: Þórunn Reykdal

Auglýsing nr. 283/1988 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Svæðið er fallett með fjölbreyttu landslagi og gróðurfari. Þó nokkur umferð er um friðlandið. Megnið af friðlandinu ver sig sjálfst vegna jökuláa, en göngufólk getur þó gengið um svæðið. Landvörður á Vesturlandi hefur eftirlit með svæðinu yfir sumartímenn. Vegna olíumengunar sem varð við Jaka hefur jarðvegur verið fjarlægður af svæðinu og settur skeljasandur í staðinn. Sett voru upp skilti sem banna umferð á slóða sem myndaðist eftir að vatnsbílar sóttu vatn í Geitá til að bera á vegi á svæðinu. Sumarið 2012 fjarlægði Vegagerðin tvö ræsi sem lágu innan friðlandsins, að beiðni Umhverfisstofnunar. og Að auki var mikið af rusli fjarlægt.

VEIKLEIKAR

Takmarkaðir innviðir eru til staðar til að taka á móti ferðafólki. Svæðið er heldur úr alfaraleið og því torvelt að hafa eftirlit með friðlandinu.

ÓGNIR

- » Enn er mikið álag á svæðinu við Jaka og er aðkoman þar alls ekki góð.
- » Slæm umgengni einkennir svæðið.
- » Mikið af haglaskotshylkjum finnst á svæðinu þrátt fyrir bann um veiðar í friðlandinu.
- » Vart hefur verið við utanvegaakstur.
- » Enn er þó nokkuð um rusl innan friðlandsins, t.d. stórir járnbitar, plötur og timburstaurar.
- » Lúpína er að gera vart við sig á svæðinu.

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Stikun gönguleiða.
- » Taka þarf allt svæðið til gagngerrar endurskoðunar og bæta þarf umgengni.
- » Samráð og samvinna þarf að vera á milli þeirra sem svæðið nýta, Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins. Ganga þyrfti til samninga við þá sem reka ferðaþjónstu á svæðinu.
- » Fjarlægja þarf ónýtar girðingar í friðlandinu.
- » Fjarlægja þarf lúpínu sem er rétt utan við friðlandið.
- » Efla þarf fræðslu um svæðið.



Grábrókargígar

Auglýsing nr. 216/1975 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Gígarnir þrír eru gjall- og klepragígar á sprungu og er Grábrók gjallgígur. Gígarnir eru vinsælir meðal ferðamanna og einnig laða þeir að sér nemendur frá Bifröst til útivistar. Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar er á Grábrókargígasvæðinu yfir sumartímann. Hópur sjálfbóðaliða Umhverfisstofnunar hefur unnið á svæðinu undanfarin tvö sumur. Gönguleiðir hafa verið afmarkaðar, lagfærðar og merktar, komið er fræðsluskilti á svæðið, villustígum hefur verið lokað, tröppur voru lagaðar, borið var á göngupallana, mosi var græddur í sár og mikið magn rusls hefur verið fjarlæggt af svæðinu.

VEIKLEIKAR

Viðkvæmar jarðmyndanir og gróðursamfélög. Svæðið er opið fyrir umferð allan ársins hring, enda staðsett við hringveginn.

ÓGNIR

- » Mikið álag er á svæðinu. Margir gestir heimsækja svæðið og það hefur troðist niður.
- » Tilkoma háskólaþorps á Bifröst hefur aukið álag á svæðið. Nýjar gönguleiðir hafa myndast á gígana frá Bifröst.
- » Borið hefur á því að fólk tíni grjót úr Grábrókinni.
- » Gestir á svæðinu hlaða vörður.
- » Búfénaður gengur um viðkvæm svæði.
- » Hópsamkomur, þar sem jafnvel nokkur hundruð manns fara í hópum upp gígana.
- » Ritað hefur verið í mosann (mosi rifinn).
- » Margir gamlir stígar setja neikvætt útlit á svæðið.
- » Ekkert salerni er á svæðinu.

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Koma þyrfti upp þurrsalerni inni á svæðinu.
- » Afmá þarf eldri gönguleiðir sem setja ljótan svip á gígana og endurheimta þeirra náttúrulega útlit.
- » Halda þarf áfram að endurheimta mosa á Grábrókarfelli.
- » Halda þarf áfram með lagfæringar á göngustígum og pöllum og bæta við merkingar, þó svo að nýtt skilti hafi verið sett upp.
- » Tengilið vantar á Bifröst.
- » Þörf er á að mæla fjölda ferðamanna á svæðinu.



Gullfoss

Svæðið er friðlýst samkvæmt auglýsingu nr. 141/1979 í Stjórnartíðindum B. Styrkleikar

STYRKLEIKAR

Gullfoss laðar að sér mikinn fjölda ferðamanna og er áætlað að um 70% þeirra ferðamanna sem koma til landsins, heimsæki svæðið. Innviðir hafa verið bættir og styrktir, göngustígar lagaðir og girtir af. Fræðslu um svæðið er miðlað á fræðslustígnum Sigríðarstíg, og víðar, á greinargóðum skiltum. Göngupallar liggur frá bíla-stæði á neðra plani, fram á útsýnisstað og niður að göngustíg sem liggur að Gullfossi og þar með hefur aðgengi hreyfihamlaðra einnig verið bætt. Árlega er borið í göngustíginn sem liggur niður að Gullfossi og sett í hann dreni. Árið 2013 stóð Umhverfisstofnun fyrir hugmyndasamkeppni um framtíðarhugmyndir um uppbyggingu á Gullfosssvæðinu í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, sveitarfélag og landeigendur, með styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamanna. Unnið er samkvæmt vinningstillögu að bætingu innviða og stýringu ferðamanna. Aukið hefur verið við göngupalla og þeir pallar sem voru fyrir hafa verið lagaðir og styrktir. Öryggisúttektir hafa verið unnar á svæðinu þar sem fram komu margar góðar ábendingar hvað varðar öryggi ferðamanna, bæði hvað varðar fallhættu og mögulegt berghrun.

Gróðursvæði hafa verið girt af til verndar gróðri. Með því að styrkja göngustígakerfi svæðisins og setja upp fleiri fræðsluskilti fyrir ferðamenn hefur tekist að stýra enn frekar umferð um svæðið og færri ganga nú utan stíga og lítur svæðið í heild sinni nú mun betur út þar sem ágangur á náttúru Gullfosssvæðisins er minni en hefur verið.

Landvarsla hefur verið aukin og er nú stöðug yfir sumarið fram á haust, auk þess sem svæðalandvörður á Suðurlandi hefur reglulega viðkomu þar yfir vetrarmánuðina.

Eigendur Gullfosskaffis hafa keypt Sigríðarstofu og standsett og ætla að selja þar inn á salernisaðstöðu og litla sýningu.

VEIKLEIKAR

Svæðið er oft á tíðum mjög blautt vegna vatnsúða frá fossinum og er því viðkvæmt fyrir ágangi ferðamanna. Svæðið er afar fjölsótt, svo sem fyrir segir. Friðlandið er það fjölsótt að afar mikilvægt er að hafa heilsársstarfsmann á svæðinu til að sjá um málefni þess ásamt Geysi.

ÓGNIR

- » Á svæðinu er mikið álag af völdum ferðamannastraums og er mikilvægt að ná vel utan um stýringu ferðamanna.
- » Svæðið hefur mikið látið á sjá og nokkur mannvirki orðin þreytt. Gróðurþekja er sums staðar rofin.
- » Tröppur á milli efra og neðra svæðis anna ekki þeim fjölda ferðamanna sem þar fer um.
- » Vart hefur verið við hagsmunaárekstra innan ferðapjónustunnar hvað varðar nýtingu svæðisins.
- » Hætta hefur skapast vegna hálfu við mikla vetrarumferð ferðamanna á svæðinu.
- » Keðja sem sett hefur verið á malargöngustíg niður að fossinum yfir vetrarmánuðina hefur ítrekað verið fjarlægð og hættu þannig boðið heim fyrir gesti svæðisins.
- » Brekkan ofan við stíginn niður að Gullfossi er óstöðug m.t.t. berghruns.
- » Mun fleiri heimsækja svæðið að vetri til en áður en þá er oft mikil hálfu á svæðinu, sem bregðast þarf við.

TÆKIFÆRI

- » Deiliskipulag hefur verið samþykkt og þarf að framkvæma í takt við það.
- » Vinna þarf verndaráætlun fyrir svæðið.
- » Halda þarf áfram með viðhald og uppbyggingu svæðisins. Þó mikið hafi verið gert varðandi öryggismál og merkingar þarf þó stöðugt að laga og bæta við.
- » Aukin landvarsla á svæðinu.



Ljósmynd: Snorri Sigurðsson

Auglýsing nr. 347/1983 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Svæðið býr yfir sérstæðum jarðmyndunum. Starfsmenn Umhverfisstofnunar hafa tekið svæðið út og einnig hefur verið fjarlægt mikið magn af rusli af svæðinu. Svæðið er innan höfuðborgarsvæðisins og gæti nýst, t.d. við útikennslu, ef innviðir þess væru styrktir. Í skýrslu náttúruverndarnefndar Reykjavíkur kemur fram að borgin hafi gert ítarlega úttekt á ástandi svæðisins og verndargildi þess hafi verið metið sumarið 2013. Mest allt brotajárn og annað rusl var fjarlægt af svæðinu bæði af sjálfbóðaliðum Umhverfisstofnunar og starfsmönnum borgarinnar. Borgin lét setja upp tvö ný fræðsluskilti byrjun árs 2014.

VEIKLEIKAR

Jarðmyndanir þola illa ágang. Svæðið er staðsett í iðnaðarhverfi innan borgarmarkanna.

ÓGNIR

- » Mikið er um mannvirki allt í kringum svæðið enda er það staðsett í iðnaðarhverfi. Ásýnd svæðisins er ekki góð.
- » Fáir vita að svæðið er friðlýst.
- » Algengt er að fólk hendi rusli á svæðinu.
- » Engir innviðir eru innan náttúruvættisins.

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Skipulagsvinna er að hefjast á svæðinu.
- » Sífelld þarf að huga að umgengni á svæðinu.
- » Auka þarf eftirlit, t.d. á formi landvörslu.
- » Ákveða þarf hvaða ásýnd svæðið á að bera.
- » Svæðið gæti nýst til útivistar og útikennslu.
- » Samstarf við framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar sjálfböðavinnu á friðlýstum svæðum.
- » Fyrirhugað er að gerður verði umsjónarsamningur við Reykjavík.



Kringilsárrani

Ljósmynd: Elin Fjöla Þórarinsdóttir

Auglýsing nr. 181/2003 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Umhverfisstofnun og Vatnajökulþjóðgarður eru með samning um reksturinn. Búsvæði hreindýra og heiðagæsa. Náttúrustofa Austurlands og Náttúrufræðistofnun Íslands fylgjast með hreindýrum og heiðagæsum. Náttúrustofa Austurlands er með gróðurreiti í Kringilsárrana sem eru hluti af langtíma vöktunarverkefni þar sem fylgst er með hugsanlegum gróðurbreytingum vegna Háslóns. Einnig eru í friðlandinu merkilegar minjar um jökulframrásir og jökulhop og liggja svokallaðir hraukar yfir ranann. Raninn er um leið sérstæð og gróin landspilda og eru þar sérkennilegar þyrpingar af hattsvæppum. Svæðið er tiltölulega vel varið fyrir ágangi ferðamanna.

VEIKLEIKAR

Við gerð Háslóns gekk nokkuð á gróðurlendi Kringilsárana og má búast við því að vistfræði svæðisins hafi breyst að einhverju leyti.

ÓGNIR

- » Sandfok og uppblástur vegna áhrifa frá Háslóni.
- » Ekki er til verndaráætlun fyrir svæðið.

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Vöktun á fok og jarðvegseyðingu og aðgerðir í kjölfar þess.



Laugarás

Ljósmynd: Snorri Sigurðsson

Auglýsing nr. 41/1982 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Verndargildi svæðisins er jökulrispað berg og er svæðið dæmi um ísaldarminjar. Sumarið 2012 fékk Umhverfisstofnun til liðs við sig sérfræðinga frá Háskóla Íslands til að taka út svæðið. Merkt voru inn þau svæði sem æskilegt er að hreinsa gróður af til að varðveita verndargildi svæðisins. Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar, í samvinnu við Reykjavíkurborg, hafa afmarkað göngustíga og unnið að grisjun góðurs árin 2013 og 2014. Í skýrslu náttúruverndarnefndar Reykjavíkur kemur fram að borgin hafi framkvæmt ítarlega úttekt á ástandi svæðisins og metið verndargildi þess sumarið 2013. Reykjavíkurborg setti upp nýtt fræðsluskilti í byrjun árs 2014.

VEIKLEIKAR

Svæðið er á fjölförnum stað í miðju íbúðahverfi. Engir eiginlegir innviðir, svo sem göngustígar, eru innan friðlandsins en þó hafa orðið til stígar um svæðið sem ekki eru þó skipulagðir m.t.t. þeirra minja sem er að finna á svæðinu.

ÓGNIR

- » Lúpína og annar garðagróður hefur að mestu leyti kæft þær jökulmyndanir sem er að finna innan hins friðlýsta svæðis.
- » Svæðið er fjölsótt og sífellt þarf að huga að umgengni.

TÆKIFÆRI

- » Vinna er hafin að gerð verndaráætlunar.
- » Vinna þarf áfram að upprætingu framandi tegunda og ná fram þeim jökulminjum sem gera svæðið sérstakt.
- » Viðhalda þarf göngustígum.



Rauðhólar

Auglýsing nr. 185/1974 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Svæðið er safn gervigíga og er vestasti hluti þess óraskaður en áður hafði verið gengið á gervigígana. Umhverfisstofnun hefur sinnt verkefnum á svæðinu, s.s. að slá lúpínu og tína rusl. Töluvert af reiðleiðum eru á svæðinu og Reykjavíkurborg hefur víða sett upp skilti við áningarstaði hestamanna. Enn má sjá minjar stríðsáranna inni á svæðinu, en þær hafa ekki verið merktar.

VEIKLEIKAR

Svæðið er mikið notað af hestamönnum yfir vetrartímamann og hestastígar virðast vera að breikka og troðast út, sér í lagi þar sem jarðvegur er moldarkenndur eða pollar myndast í reiðstígum. Svæðið er mjög aðgengilegt og oft er losað rusl á bíla-stæðum og inni á svæðinu.

ÓGNIR

- » Mikið rusl safnast fyrir á svæðinu.
- » Svæðið er á vatnsverndarsvæði og nálægt vatnstökusvæði.
- » Enn er eitthvað um að fólki aki inn á svæðið og keðjur til að loka vegum séu virtar að vettugi.
- » Reiðleiðum hefur verið haldið við en merkingar fyrir reið- og gönguleiðir vantar.
- » Upplýsingaskilti eru í nokkuð góðu ástandi en fræðsluskilti vantar t.a.m. fyrir minjar.
- » Töluvert er um að girðing sem ver svæðið að austanverðu sé brotin.
- » Lúpína er komin inn á svæðið og sést hefur stök planta af tegundinni bjarnarkló.

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Hreinsa þarf rusl af svæðinu reglulega.
- » Uppræta þarf bjarnaklóna og halda lúpínu í skefjum eins og frekast er unnt.
- » Auka þyrfti umsjón með svæðinu, sér í lagi yfir sumartímamann
- » Merkja þyrfti gönguleiðir og reiðleiðir.
- » Merkja þyrfti minjar í samráði við Fornleifavernd ríkisins.
- » Auka þarf fræðslu og upplýsingar á svæðinu.
- » Svæði er heppilegt til útivistar og hestamennsku svo dæmi séu tekin.
- » Samstarf við framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar sjálfböðavinnu á friðlýstum svæðum.
- » Fyrirhugað er að gerður verði umsjónarsamningur við Reykjavík.
- » Hafin var vinna við úttekt á ástandi svæðisins á vegum borgarinnar ásamt kortlagningu á gróðurfari.
- » Útbreiðsla lúpínu verði kortlögð sérstaklega.



Skógafoss

Auglýsing nr. 477/1987 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Skógafoss er svipmikill 60 metra hár foss. Fossinn, ásamt fossaröð í Skógaá, var friðlýstur árið 1987. Svæðið er fjölsóttur ferðamannastaður enda er Skógafoss í alfaraleið. Töluvert hefur verið lagt í að bæta innviði svæðisins, t.d. með gerð útsýnis-palls og stiga upp að fossinum.

VEIKLEIKAR

Svæðið er fjölsóttur ferðamannastaður og er aðgengi að Skógafossi mjög gott allan ársins hring. Það gerir það að verkum að svæðið er undir miklu álagi. Sér í lagi eru grasi vaxnar brekkur og árbakkar viðkvæmir fyrir traðki gesta.

Nokkrir villustígar hafa myndast við Skógafoss og meðfram Skógaá og hefur nokkrum þeirra verið lokað en talsverð vinna er eftir enn. Nýtt deiliskipulag hefur verið staðfest. Unnið hefur verið að úrbótum á stígum.

ÓGNIR

- » Ágangur ferðamanna og mikil ásókn.
- » Stýringu skortir við aðkomu að svæðinu.
- » Gera þarf úrbætur á bílastæði.
- » Talsvert er um að rusli sé hent á svæðinu.

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Áframhaldandi vinna við að loka gönguleiðum og græða upp rof.
- » Stika eina gönguleið meðfram Skógaá.
- » Gönguleið upp að fossbrún í einni skýrri braut.
- » Endurnýja má upplýsingaskilti.
- » Tryggja með hindrunum að ekki sé ekið utan vega við bílastæðið.



Skútustaðagígar

Auglýsing nr. 399/1973 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda útlit gíganna og gera þá aðgengilega sem og að standa vörð um nýtingarrétt landeigenda. Um er að ræða einstaklega formfagra og gróna gíga sem að mestu eru ósnortnir. Svæðið er nytjað af landeigendum.

VEIKLEIKAR

Gígarnir, þó grónir séu, eru viðkvæmar jarðmyndanir sem eru undir miklum ágangi ferðamanna allt árið um kring. Gígarnir og umhverfi þeirra eru í hættu á að traðkast niður vegna mikils ágangs.

ÓGNIR

- » Mikil og sívaxandi umferð ferðamanna.
- » Ferðamenn sækja svæðið allt árið um kring.

TÆKIFÆRI

- » Gerð verndaráætlunar.
- » Auka landvörslu, ekki síst utan háannatíma
- » Uppsetning salernisaðstöðu
- » Þolmarkagreining
- » Verndun gegn rofi og skipulag gönguleiða.
- » Auka þyrfti upplýsingagjöf til ferðamanna.
- » Samræma þyrfti innviði og skipuleggja ferðamannaleiðir í samráði við landeigendur.
- » Fyrirhugaðar eru framkvæmdir sumarið 2014.



Ströndin við Stapa og Hellna

Auglýsing nr. 284/1988 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Margar fagrar og sérkennilegar bergmyndanir er að finna við sjó á þessum slóðum. Þar hafa sérkennilegar klettmyndanir mótast af briminu. Hellnahraun rann úr gíg nærri Jökulhálsi, sem nú er hulinn jökli. Á svæðinu er t.d. að finna sérkennilegar gjár sem ágangur sjávar hefur grópað í bergið. Fuglalíf er ríkulegt á þessum slóðum. Ströndin var fyrrum mikil verstöð enda gott lægi fyrir báta. Talið er að hraunið sé 3900 ára gamalt.

Óheimilt er að raska jarðmyndunum, trufla fuglalíf og skerða gróður. Þá er óheimilt að tjalda í friðlandinu. Umhverfisstofnun stuðlar að því í samráði við landeigendur og aðra, sem eiga hlut að máli, að sögulegum minjum sé viðhaldið.

VEIKLEIKAR

Dregið hefur verið úr landvörslu á svæðinu sökum niðurskurðar. Heilsársferðamennska fer vaxandi og nær svæðið ekki að jafna sig eftir sumartímam, þegar hvað flestir heimsækja svæðið.

ÓGNIR

- » Göngustígur er illa farinn og svæðið farið láta á sjá, vegna aukins álags frá ferðamönnum.
- » Sums staðar er hætta á hruni.
- » Dregið hefur úr landvörslu á svæðinu.

TÆKIFÆRI

- » Lagfæra þarf stiga og ráðgert er að fara í framkvæmdir sumarið 2014.
- » Uppfæra mætti skilti sem eru á svæðinu.
- » Vinna mætti verndaráætlun fyrir svæðið.
- » Halda góðu samstarfi við landeigendur á svæðinu.



Surtarbrandsgil

Auglýsing nr. 103/1975 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Svæðið er dýrmætt vegna setlagabrota sem þar finnast með steingervingum úr surtarbrandslögum og er vitnisburður um gróðurfar og loftslagsaðstæður sem ríkja ekki lengur hér á landi. Svæðið er mikilvægt fyrir rannsóknir, en aldursgreiningar á blágrýtishraunlögum í Surtarbrandsgili gefa til kynna að aldur þeirra liggi á bilinu frá 9,1 – 11,9 milljónum ára. Náttúruupplifun og menningarminjar gera svæðið sérstakt. Samkvæmt auglýsingu er bannað að fara í gilið nema með leyfi landeiganda. Landvörður hefur haft aukið eftirlit með svæðinu seinustu sumur og hafa verið skipulagðar ferðir í gilið í fylgd landvarðar. Nokkur skilti hafa verið sett upp á svæðinu með upplýsingum og fræðslu til ferðamanna og settir hafa verið upp sýningarkassar með sýnishornum af surtarbrandi sem dregur úr álagi á gilið sjálft. Að auki hafa verið sett upp hlið til varnar því að ferðamenn fari ekki í gilið án leyfis. Göngustígur í gilið hefur verið bættur. Villandi upplýsingar í erlendum ferðahandbókum um að leyfilegt sé að fjarlægja steingervinga úr gilinu hafa verið fjarlægðar. Bílastæði við Flakkara hafa verið afmörkuð og stækkuð.

VEIKLEIKAR

Svæðið hefur enga innviði til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Setlög-in eru viðkvæm fyrir raski og er skaðinn óafturkræfur. Svæðinu hnignar bæði af náttúrulegum ástæðum og vegna ágangs ferðamanna.

ÓGNIR

- » Mikið rask hefur verið í Surtarbrandsgili bæði af völdum manna og af náttúrulegum ástæðum. Halda þarf áfram að hafa eftirlit með svæðinu og koma í veg fyrir að fólk taki steingervinga.
- » Í berginu slútir bergið víða fram og er hrunhætta til staðar.

TÆKIFÆRI

- » Vinna þarf verndaráætlun.
- » Dregið hefur verulega úr því að ferðamenn taki steingervinga úr gilinu.
- » Auka þarf eftirlit enn frekar með svæðinu en sérfræðingur Umhverfisstofnar á Patreksfirði fer með umsjón með því.
- » Náttúruupplifun, jarðfræði og mannvistarminjar gera svæðið mjög áhugavert.
- » Umhverfisstofnun og landeigandi hafa gert samning um opnun sýningar í tengslum við náttúruvættið. Stefnt er á opnun hennar sumarið 2015.



Teigarhorn

Auglýsing nr. 518/1975 í Stjórnartíðindum B.

STYRKLEIKAR

Teigarhorn er einn þekktasti fundarstaður geislasteina (e. zeolite) í heimi. Geislasteinar finnast þar í klettum og sjávarhömrum þar sem þeir losna úr berginu við veðrun. Svæðið dregur að sér mikinn fjölda ferðamanna enda víða getið í ferðahandbókum.

Landvörður hefur starfað á svæðinu sumarið 2013 á vegum Umhverfisstofnunar og verður á svæðinu sumarið 2014 á vegum Djúpavogshrepps með samningi við Umhverfisstofnun. Íslenska ríkið festi kaup á jörðinni árið 2013 og stækkaði í framhaldi hið friðlýsta náttúruvætti á Teigarhorni og friðlýsti aðra hluta jarðarinnar sem fólkvang.

VEIKLEIKAR

Jarðmyndanir á svæðinu eru viðkvæmar fyrir raski. Enn ber á því að steinum sé stolið af svæðinu, bæði vegna skorts á meðvitund um verndargildi sem og af einbeittum brotavilja. Berg veðrast hratt við ströndina og er laust í sér. Auðvelt og freistandi er fyrir fólk að snerta við steinflögum í bergstöflum og þar með hrófla við geislasteinum í leiðinni og freistast síðan til að taka og/eða hrófla meira. Ekki er trygg landvarsla allt árið

ÓGNIR

- » Aukinn fjöldi ferðamanna fer um svæðið og margir reyna að hafa steina með sér á brott.
- » Rof er víða við klettabelti og við ströndina
- » Traðk myndar gönguleiðir á viðkvæmum stöðum
- » Hrunhætta.

TÆKIFÆRI

- » Mikil þörf er á vörslu og eftirliti með svæðinu allt árið
- » Gerð verndaráætlunar og deiliskipulags.
- » Auka má fræðslu og upplýsingagjöf á svæðinu, t.d. með skiltum.
- » Gerð greinilegra stíga og merkinga t.d. niður í fjöru þar sem bergkristal er að finna
- » Auka þarf fræðslu og upplýsingagjöf, m.a. með skiltum á svæðinu.
- » Göngustígagerð.

Svæði sem detta út milli ára

Eftirfarandi svæði datt út af lista vegna þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til innan þess.

Hveravellir



UMHVERFISSTOFNUN



Hveravellir

Svæðið er friðlýst sem náttúruvætti samkvæmt auglýsingu nr. 217/1975 í Stjórnartíðindum B.

Svæðið er lítið og því viðkvæmt fyrir átroðningi ferðamanna. Vistkerfi svæðisins er mjög viðkvæmt. Vaxtartími gróðurs er stuttur.

Mikið hefur áunnist á Hveravöllum undanfarin tvö sumur. Sett var upp pallastétt við salerni og smíðuð pallastétt og lítil brú sem liggur frá bílastæði upp að gamla skálanum og meðfram skálanum að núverandi pallastétt sem liggur upp á hverasvæðið. Brúin yfir heita lækinn hefur verið endursmíðuð og þeirri gömlu fargað. Sumarið 2012 og 2013 störfuðu tveir landverðir í einu stöðugildi á Hveravöllum og tók svæðið stakkaskiptum. Farið var í það að endurnýja stóran hluta göngupalls sem liggur um svæðið ásamt því að setja upp fleiri merkingar til að stýra fólki betur um svæðið og upplýsa það um umgengnisreglur og góða umgengni. Mikið magn af rusli var fjarlægt.

Fagnaðarefni er að svæðið skuli ekki lengur vera lista yfir svæði í hættu, en þó er mikilvægt að verndaráætlun verði unnin á næstu árum og landvarsla tryggð.